

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík í Mýrdal

Athugasemd til hreppsnefndar Mýrdalshrepps um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins 2009-2025

Við undirrituð ábúendur og landeigendur á Vatnsskarðshólum og Eystri Dyrhólum, og notendur einka- og sameignarlanda og vatnasvæða í Dyrhólahverfi og nágrenni viljum hér með koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum um tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps, sem auglýst var 22. desember 2009. En í þeirri auglýsingu eru skipulagsgögnin skipulagsgreinargerð, skipulagsuppdrættir og umhverfisskýrsla.

1. Samgöngumál og vegstæði þjóðveggar 1

Við mótmælum harðlega stofnmarkmiði og útfærslu þess í aðalskipulagstillögunni um breytt vegstæði þjóðveggar 1 um Mýrdal. Umrætt stofnmarkmið og vegstæði eru útfærð í þremur tilgreindum megin skjölum skipulagstillögunnar, sbr. t.d. kafla 2.5.1 í greinargerð. Samkvæmt aðalskipulagstillögunni mun hin nýja veglína liggja um eignarland okkar á norðurbökkum Dyrhólaóss (Hólateig), um eða nærri óskiptu sameignarlandi okkar og annarra við vestanverðan Dyrhólaós, um eignarland okkar á Eystri-Dyrhólum og um nytjaland okkar í landi Vestri-Dyrhóla. Þá mun veglínan liggja um eignarland okkar á Vatnsskarðshólum í um það bil 200 m fjarlægð frá íbúðarhúsi okkar og öðrum fasteignum þar. Ofangreind lýsing vegstæðis er byggð á umhverfisskýrslu þar sem hún er nákvæmari en sveitarfélagsuppdráttur. Sú staðreynd að verulegt ósamræmi er milli þessara tveggja grunnskjala um legu vegstæðis veldur því að ómögulegt er að meta nákvæmlega tjón af væntanlegri veglínu. Eftirfarandi athugasemdir okkar eru hinsvegar miðaðar við hvorn kostinn sem er.

- Samþykkt veglínunnar á aðalskipulag sveitarfélagsins mun að öllum líkindum leiða til mikillar rýrnunar á verðmæti eignarlands okkar og fasteigna vegna þeirra gríðarlegu umhverfis- og lífsgæðabreytinga sem bygging og lega væntanlegrar veglínu munu hafa í för með sér.
- Veglínan mun valda óafturkræfu tjóni á nytjalandi okkar, spilla gróðri og fuglalífi, valda ryk- og efnamengun á öllu nærliggjandi landi vegarins, grunnvatni, lækjum og vatnasviði Dyrhólaóss (sem við eigum og notum með öðrum), skerða beutiland okkar og ræktuð tún, og spilla votlendi sem við verndum og endurheimtum á svæðum, sem ekki nýtast til jarðyrkju.
- Veglínan mun, þegar til framkvæmda kemur, valda gríðarlegu ónæði og raski meðan á byggingu stendur. Verði veglínan að veruleika mun hún skerða til allrar fyrirsjáanlegrar framtíðar lífsgæði okkar íbúanna. Mengun af völdum ryks, útblásturs og hávaða mun aukast og skaða lífsskilyrði gróðurs, fuglalífs, búfænaðar og ekki síst okkar íbúanna.

- Veglínan mun gjörbreyta ásýnd okkar nánasta umhverfis og felur í sér umtalsverða sjónmengun umhverfis sem í stórum dráttum hefur verið óhreyft um áratugaskeið.
- Við minnum á að formleg skráning menningarsögu- og náttúruminja og fuglatalningar hafa ekki verið gerðar á þessum nytja- og eignarlöndum okkar og er veglínan því staðsett á svæði sem að mestu er órannsakað að þessu leyti. Það stangast á við kröfur skipulagsreglugerðar.
- Fjárfestingar, jarðabætur og hlunnindanýting sem við fjölskyldan höfum ráðist í á undanförunum áratugum á Vatnsskarðshólum, á Dyrhólum og (ásamt öðrum) annars staðar í Dyrhólahverfi hafa miðað að uppbyggingu í landbúnaði, sjálfbærum náttúrunytjum, lífrænni og hefðbundinni búvöruframleiðslu, og náttúruvænni ferðapjónustu fyrir ferðamenn sem koma til að njóta náttúruskoðunar í friðsælu umhverfi óspilltu af þeim umferðargný og mengun sem fylgir þjóðvegi 1. Þessum fjárfestingum er gróflega ógnað með áformum um veglínu við Dyrhólaós og í gegnum Dyrhólahverfi.
- Við viljum benda á að vegalagning samkvæmt tillögu að umræddu vegstæði er andstæð náttúruverndarlögum nr. 44/1999, þar sem Dyrhólaós og næsta nágrenni er náttúruverndarsvæði, sbr. 8. tölul. 4. gr. laganna. Þá njóta mýrar, flóar, sjávarfítjar og leirur sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. sömu laga.
- Rétt þykir að benda á að eignarrétturinn er varinn af 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, sem heimilar því aðeins skerðingu þess réttar að almenningsspörf krefji, en við mat á því verði að gæta meðalhófs. Í dómi hæstaréttar nr. 425/2008 dags. 19. mars 2009 var vísað til þessa stjórnarskrárákvæðis þegar hafnað var lagningu vegar um einkaland. Til áréttingar skal vísað til álits og athugana Vegagerðar ríkisins sem benda til þess að með endurbótum á núverandi þjóðvegi 1 um Mýrdal megi ná þeim meginmarkmiðum að tryggja greiðar, hagkvæmar og öruggar samgöngur án umtalsverðs tjóns á umhverfi.

Við undirrituð krefjumst þess að ákvæði um breytta veglínu þjóðveggar 1 um Mýrdal verði felld úr aðalskipulagstillögunni.

2. Um vatn og vatnasvæði

Í stofnmarkmiðum sem tilgreind eru í kafla 2.0 *Meginatriði stefnumörkunar/landnotkunar* eru vatnsverndarmál einskorðuð við neysluvatnsmál. Mýrdalur ber þó nafn sitt af votlendi, þar eru enn mikilvæg vistkerfi og nytjasvæði sem byggja á verndun vatns gegn hvers konar eyðingu, tjóni og mengun.

Með tilvísun til þess sem segir neðar í þessum lið athugasemda okkar er lagt til að stofnmarkmið um neysluvatn breytist og verði þannig:

Neysluvatn, strand- og vatnasvæði

Lögð verði áhersla á afmörkun og varðveislu neysluvatnslinda sveitarfélagsins. Vatnsveitur í sveitarfélaginu skili íbúum nægu neysluvatni sem uppfylli settar gæðakröfur.

Áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir og neyðaráætlun gegn mengun strandsvæða sveitarfélagsins vegna mikils útivistargildis þeirra og mikils fuglalífs þar. Vatnasvæði njóti sérstakrar verndar, voilendi verði verndað og endurheimt þar sem aðstæður leyfa, og ár og vötn varin gegn mengun og umhverfistjóni. Stuðlað verði að sjálfbærum nytjum þessara svæða (fiskveiðum o.fl.) þar sem því verður við komið.

Í köflum 2.1.3 Vatnsverndarsvæði og 2.4.1 Vatnsveita/vatnsvernd er nefnd Dyrhólaveita (VS4) án þess að gerð sé frekari grein fyrir henni.

Farið er fram á að skilgreind verði vatnsvernd í Dyrhólahverfi, gerð verði grein fyrir brun-, grann- og fjarsvæðum vatnsbóla í hverfinu og að vatnsverndarsvæði VS4 verði fært inn á sveitarfélagsupprátt í samráði við ábúendur, sbr. ákvæði 4.21 í skipulagsreglugerð.

Í köflum 2.1.3 Vatnsverndarsvæði og 2.4.1 Vatnsveita/vatnsvernd eru strandsvæði og vatnasvæði við Dyrhólaey og Dyrhólaós ekki tiltekin. Er þó ljóst að hér er um að ræða svæði sem eru mjög mikilvæg vegna nytja, lífríkis, jarðmyndana og útivistar/náttúru-skoðunar, sbr. athugasemd að ofan.

Farið er fram á að vatnsvernd verði tiltekin fyrir (a) Dyrhólaós og ár og læki sem í hann renna og (b) strandsvæðin eða fjörunnar sitt hvoru megin Dyrhólaeyjar. Svæðin verði skilgreind í greinargerð og afmörkuð á sveitarfélagsupprætti, sbr. ákvæði 4.21 í skipulagsreglugerð.

3. Um umhverfismál og Dyrhólaey

Í kafla 2.1 Umhverfis- og verndunarmál segir m.a. um landnotkun á Dyrhólaey að þar sé gert ráð fyrir að verði útivistarsvæði. Samkvæmt skipulagsreglugerð (gr. 4.19) flokkast Dyrhólaey undir náttúruverndarsvæði sem nýtur sérstakrar verndar. Eins og bent var á í athugasemdum ábúenda við 6. útgáfu aðalskipulagstillögunnar hefur ekki verið samþykkt útivistarsvæði á Dyrhólaey. En til þess þarf samþykki okkar, annarra landeigenda, svo og Umhverfisstofnunar.

Dyrhólaey er í senn auðugt og viðkvæmt lífríki og nytjaland okkar bænda sem hagnýta það til hlunnindabúskapar í formi vottaðra sjálfbærra náttúrunytja. Með því að breyta Dyrhólaey í “opið svæði til sérstakra nota” væri hvoru tveggja stefnt í tvísýnu, sem brýtur gegn tilgreindu ákvæði friðlýsingar og lögum um náttúruvernd, og er það því óásættanlegt af okkar hálfu. Minnt er og á í þessu sambandi starfsmarkmið nr. 1-2 í landbúnaðarmálum í kafla 2.3.1 Landbúnaður um mikilvægi hefðbundinna búgreina og sjálfbærra hlunnindanytja. Minnt er sömuleiðis á stuðningsmarkmið vegna verslunar- og þjónustusvæða sem segir að “Ferðaþjónusta sé skipulögð þannig að álag á land og náttúruminjar sé í samræmi við þol svæðanna” (bls. 20).

Lagt er til að umrædd málsgrein um Dyrhólaey í 1. dálk bls. 15 breytist og verði þannig:

Í Mýrdalshreppi er eitt friðlýst svæði (FLS), það er Dyrhólaey. Um þetta svæði gilda sérstakar reglur varðandi umgengni. Þar er óheimilt að skerða lífríki og valda öðrum spjöllum á náttúrunni. Þar er gert ráð fyrir að unnið verði að bættri stjórnun álags í samvinnu hagsmunaaðila, enda er Dyrhólaey einn fjölsóttasti ferðamannastaður í sveitarfélaginu. Dyrhólaey er jafnframt nytjaland bænda.

Sbr. ofangreint er þess krafist að svonefnt útivistarsvæði í Dyrhólaey (OS15) verði numið af töflu um landnotkun og af sveitarfélagsupprætti.

Þá er þess krafist, í sama samhengi, að felld verði úr texta í kafla 5.9.7 *Félagslíf, opinsvæði til sérstakra nota; íþróttir og útivist* eftirfarandi málsgrein á bls. 81:
“Eitt hinna áhugaverðu svæða í Mýrdalshreppi er Dyrhólaey, sem er ... - - - og vestan Dyrhólaeyjarvita komi til.”

4. Reiðleiðir

Í kafla 2.5.2 *Reiðleiðir, gönguleiðir* er tilgreind reiðleiðin “R-4 Um fjörur í Mið-Mýrdal” og hún sögð ein af staðfestum reiðleiðum í sveitarfélaginu. Reiðleiðinni er síðan nánar lýst í kafla 5.8.3 *Reið- og gönguleiðir*.

Við mótmælum alfarið reiðleið þessari og höfnum því með öllu að reiðleið verði sett eftir fjörum Dyrhólahverfisjarða og um leirur Dyrhólaóss að sunnan og/eða norðan. Um þessa reiðleið hefur ekkert samráð verið haft við okkur. Þegar hestamenn hafa hópriðið um þetta svæði hefur það skilið eftir sig gríðarlegt traðk á grónu og hálfgrónu landi og leirum og oft valdið miklum usla í varplöndum fugla á fjörusvæðum og við Dyrhólaey. Við kefjumst þess að ofangreind reiðleið verði felld úr aðalskipulagstillögunni.

Jafnframt er þess krafist að sveitarfélagsuppráttur verði leiðréttur og fjarlægð af honum ósamþykkt reiðleið sem sýnd er frá Þjóðvegi sunnan Litla-Hvamms niður eftir Dyrhólavegi allt austur fyrir Loftsalahelli og inn á leirur Dyrhólaóss að norðvestan.

5. Svæði fyrir frístundabyggð

Í kafla 2.3.4 *Svæði fyrir frístundabyggð* (bls. 21) skortir skýrari stefnumörkun um staðsetningu frístundahúsa. Í starfsmarkmiði segir að “*megin uppbygging frístundahúsa verði á til þess skipulögðum svæðum*”, en síðan opnað á frekari byggingarleyfi fyrir stökum húsum á víð og dreif um sveitina í greinargerð (bls. 21) að því einu tilskildu að “*húsgerðir og lóðaskipan frístundahúsa ...[falli] vel að landslagi.*”

Lagt er til að sú stefna verði mun skýrar mörkuð í aðalskipulagi að byggingarleyfi verði veitt fyrir frístundahúsum á svæðum sem sérstaklega eru talin hentug til þess, og að byggð frístundahúsa verði skipulögð í hverfum (10 eða fleiri).

Lagt er til að starfsmarkmið nr. 1 (bls. 21) breytist og verði þannig:


1. Uppbyggingu nýrra frístundahúsa verði beint inná skipulögð svæði sem hvorki eru né er fyrirjáanlegt að notuð verði til landbúnaðar. Frístundahús verði skipulögð í hverfum með 10 frístundahúsum hið minnsta en horfið verði frá frekari byggingarleyfum fyrir stök frístundahús á víð og dreif á landbúnaðarsvæðum í sveitarfélaginu, nema um sé að ræða endurbyggingar eða viðbót við þau hús sem fyrir eru.


5. Skipulagstillaga unnin án viðhlítandi samráðs

Við minnum á að skipulagslög kveða á um að þess skuli jafnan gætt að fullt samráð sé haft við landeigendur vegna hugsanlegra breytinga á skilgreindri landnýtingu og mögulegra framkvæmda á landi viðkomandi. Í okkar tilviki hefur slíks samráðs aldrei verið leitað hvað varðar hugsanlegt vegstæði þjóðveggar 1, reiðleiðir og útivistarsvæði á Dyrhólaey. Þá hafa ítrekuð skrifleg mótmæli okkar gegn tillögugerð um breytta legu þjóðveggar jafnan verið virt að vettugi.

Við krefjumst þess að tekið verði tillit til ofangreindra athugasemda okkar. Að öðrum kosti áskiljum við okkur rétt til að grípa til allra tiltækra réttarfarslegra úrræða til að fá þeim atriðum skipulagstillögunnar hnekt sem skaða hagsmuni okkar, en krefjast skaðabóta ella.

Vatnsskarðshólum í Mýrdalshreppi
1. febrúar 2010


Margrét S. Guðmundsdóttir
Kt. 180848-4289


Þorsteinn Gunnarsson
Kt. 110546-3949